# Samstarfsyfirlýsing

**um eftirfylgni úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Skólameistarafélag Íslands og Heimili og skóli lýsa yfir vilja til samstarfs við að fylgja eftir niðurstöðum úttektar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Til grundvallar samstarfi þessu liggja tillögur í skýrslu *Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir* (European Agency for Special Needs and Inclusive Education) sem unnin var í samræmi við verksamning mennta- og menningarmálaráðherra og miðstöðvarinnar.

Aðilar að þessari samstarfsyfirlýsingu munu leitast við að fylgja eftir því markmiði úttektarinnar að styðja við langtímaþróun menntastefnu á Íslandi.

Um útfærslu samstarfs um eftirfylgni úttektarinnar fer samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Reykjavík, 2. mars 2017

| | |
|---|---|
| Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Samband íslenskra sveitarfélaga |
| Velferðarráðuneyti | Velferðarráðuneyti |
| Kennarasamband Íslands | Skólameistarafélag Íslands |
| Heimili og skóli, landssamtök foreldra | |